



## KYNNINGARFUNDUR UM SKIPULAGSMÁL

Skipulagsnefnd Skútustaðahrepps boðar hér með til almenns kynningarfundar í Reykjahlíðarskóla mánudaginn 15. febrúar n.k. kl. 16:00.

Kynnt verður tillaga að deiliskipulagi ferðaþjónustusvæðis og frístundabyggðar í landi Voga 1 í Mývatnssveit. Markmið skipulagsins er m.a. að koma nýjum gistihúsum haganlega fyrir í tengslum við núverandi gistihús og skilgreina nýjar lóðir fyrir frístundahús, sem falla skulu vel að landi og umhverfi. Einnig er áformað að gera breytingar og viðbætur á eldri húsum á viðeigandi hátt.

Skipulagshöfundar munu útskýra skipulagstillöguna og svara fyrirspurnum. Tillagan sem kynnt verður eins og 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um verður einnig aðgengileg fyrir fundinn á heimasíðu Skútustaðahrepps:

<http://www.myv.is> undir **Skipulagsauglýsingar** (hnappur á forsíðu)

Bjarni Reykjalín,  
skipulags- og byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps



# Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: [myflugan@emax.is](mailto:myflugan@emax.is)

6. tbl. 8. árg. miðvikudaginn 10. feb. 2016

**Afmælisbörn dagana 11. feb. — 17. feb. 2016**

11. Guðný Jónsdóttir.
13. Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir.
15. Sigurður Baldursson.
16. Arna Hjörleifsdóttir, Karl Emil Sveinsson,  
Marion Edda Stefánsdóttir, Þorgerður Egilsdóttir.

## Menningarfélagið Gjallandi

Vegna Þorablóts Grunnskóla Reykjahlíðar höfum við ákveðið að færa kvikmyndakynninguna sem átti að vera næsta fimmtudag um tvær vikur og verður sameiginlegt bóka- og kvikmyndakvöld haldið 25. febrúar.



## Bændur, bændur.

Stefnt er á að fara í bænduferð í Grýtubakkahrepp og skoða nokkra bæi á heimleiðinni. Farið verður laugardaginn **20. febrúar**, tími og staður auglýstur síðar. Skráningu þarf að vera lokið fyrir sunnudaginn **14. febrúar**.

Daði Lange 894 4215



## Konudagstónleikar Söngfélagsins Sálubótar

Söngfélagið Sálubót heldur tónleika og skemmtun í Stórutjarnaskóla á konudaginn 21. febrúar kl: 15:00.

Einnig verður boðið upp á gómsætt kaffihlaðborð að hætti kórfélaga.

Upplagt fyrir fjölskylduna að koma og njóta næringar bæði á sál og líkama.

Miðaverð er 2.500,- fyrir fullorðna,  
1.000,- fyrir 6 - 16 ára  
og frítt fyrir þá sem eru yngri.



JARDBÖÐIN VIÐ MÝVATN

## Jarðböðin

Þjóða upp á kótelettur í hádeginu frá kl. 12:00 - 14:00 alla fimmtudaga í vetur.

Verð 1.500 kr. fyrir manninn.

Ekki er nauðsynlegt að panta en gott væri að fá að vita daginn áður ef einhver ætlar að koma.

Hlökkum til að sjá sem flesta heimamenn og aðra.

Starfsfólk Jarðbaðanna.



JARDBÖÐIN VIÐ MÝVATN



## Tillaga að deiliskipulagi smávirkjunar í Svartá við Vaðöldu í Skútustaðahreppi.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 26. janúar s.l. að auglýsa skv. 1. mgr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að deiliskipulagi 8-10 kW smávirkjunar (heimarafstöðvar) sem Neyðarlínan ohf fyrirhugar að setja upp í Svartá við Vaðöldu í Skútustaðahreppi. Tillögunni fylgir umhverfisskýrsla.

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir að hliðarfarvegur Svartár verði stíflaður með 1,5 m langri og 1 m hárrí forsteyptri einingu án lónmyndunar og niðurgrafin pípa um 180 m löng og 0,5 m í þvermál verði lögð þaðan að stöðvarhúsinu. Áætluð stærð rafstöðvarhúss er að hámarki 6 m<sup>2</sup> og frá því verður plægður niður um 4,5 km langur jarðstrengur að núverandi fjarskiptastöð á Vaðöldu. Tilgangurinn með fyrirhugaðri framkvæmd Neyðarlínunnar ohf er að auka rekstraröryggi fjarskiptastöðvarinnar og draga úr hljóð- og loftmengun, lækka rekstrarkostnað en einnig ekki síst til að draga úr líkum á óhöppum við flutning á olíu, en stöðin er nú aflvædd með sígengis - olufarafstöð sem staðsett er í fjarskiptahúsinu á Vaðöldu.

Tillöguuppdráttur með greinargerðum mun liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatni frá og með föstudeginum 12. febrúar til og með þriðjudeginum 26. mars 2016. Þá eru tillögurnar og aðgengilegar á heimasíðu Skútustaðahrepps: <http://www.myv.is> undir **Skipulagsauglýsingar** (hnappur á forsíðu).

Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út þriðjudaginn 26. mars 2016. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatni og/eða í tölvupósti á netfangið: [bjarni@thingeyjarsveit.is](mailto:bjarni@thingeyjarsveit.is). Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests teljast henni samþykkir.

Bjarni Reykjálín,  
skipulags- og byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps.



## Jarðböðin - skrifstofustarf.

*Jarðböðin við Mývatn óska eftir að ráða starfsmann til almennra skrifstofustarfa.*

*Starfið felur meðal annars í sér reikningagerð, uppgjör, símaþvöngu og annað sem til fellur.*

*Nauðsynlegt er að viðkomandi sé talnaglökkur, nákvæmur og hafi gott vald á ensku, exel, word ofl.*

*Hæfni í mannlegum samskiptum og lipurð í starfi er nauðsyn. Reynsla af bókhaldi, samskiptum við ferðaskrifstofur og fyrirtækjarekstri er klárlega kostur*

*Fyrirspurnir og umsóknir skal senda til framkvæmdastjóra Jarðbaðanna á netfangið [Friduson@jarbodin.is](mailto:Friduson@jarbodin.is) fyrir 19. febrúar.*

-----  
*Jarðböðin voru stofnuð árið 2004. Fyrirtækið er einn af stærstu atvinnurekendum í Mývatnssveit og hjá því munu á næsta sumri starfa hátt í 30 manns. Jarðböðin reka samnefndan baðstað í Mývatnssveit og eru orðin einn af ómissandi viðkomustöðum ferðamanna. Jarðböðin er lifandi vinnustaður þar sem öryggi, metnaður og þjónustulund er höfð í fyrirúmi.*



## Jarðböðin við Mývatn óska eftir að ráða til sín næturvörð.

Næturvörður skal sinna næturgæslu, þrifum og fleira sem til fellur.

Áhugasamir skili umsóknum á pósthfangið [friduson@jarbodin.is](mailto:friduson@jarbodin.is) fyrir 19. febrúar.

-----  
*Jarðböðin voru stofnuð árið 2004. Fyrirtækið er einn af stærstu atvinnurekendum í Mývatnssveit og hjá því munu á næsta sumri starfa hátt í 30 manns. Jarðböðin reka samnefndan baðstað í Mývatnssveit og eru orðin einn af ómissandi viðkomustöðum ferðamanna. Jarðböðin er lifandi vinnustaður þar sem öryggi, metnaður og þjónustulund er höfð í fyrirúmi.*



## Jarðböðin við Mývatn óska eftir að ráða sumarstarfsfólk í afgreiðslu og í Kaffi Kviku.

Störfin fela í sér afgreiðslustörf, útivakt, þrif, símaþvöngu og annað sem til fellur.

Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi gott vald á ensku, bæði í tali og skrifum.

Hæfni í mannlegum samskiptum og lipurð í starfi er nauðsyn.

Reynsla af afgreiðslustörfum, þrifum og samskiptum við ferðaskrifstofur er kostur.

Fyrirspurnir og umsóknir skal senda til framkvæmdastjóra Jarðbaðanna á netfangið [friduson@jarbodin.is](mailto:friduson@jarbodin.is) fyrir lok febrúar.

*Jarðböðin voru stofnuð árið 2004. Fyrirtækið er einn af stærstu atvinnurekendum í Mývatnssveit og hjá því munu á næsta sumri starfa hátt í 30 manns. Jarðböðin reka samnefndan baðstað í Mývatnssveit og eru orðin einn af ómissandi viðkomustöðum ferðamanna. Jarðböðin er lifandi vinnustaður þar sem öryggi, metnaður og þjónustulund er höfð í fyrirúmi.*

## Mýflugan

## Auglýsendur og lesendur ath!

Mýflugan kemur út næsta miðvikudag,

17. febrúar eins og venjulega.

Skilafrestur auglýsinga er kl. 14:00 þriðjudaginn 16. febrúar.

Engin Mýfluga kemur út

miðvikudagana 24. febrúar og 2. mars.

Næsta Mýfluga þar á eftir kemur út miðvikudaginn 9. mars.

Skilafrestur auglýsinga er kl. 14:00 þriðjudaginn 8. mars.

Netfang: [myflugan@emax.is](mailto:myflugan@emax.is) eða í síma 464 4343/ 866 0311

Kveðja, Hrafnhildur.